

Síðsumarsferð FaMos um Snæfellsnesið

miðvikudaginn 28. ágúst 2019 og lagt af stað kl. 09:00

Rútan verður eins og venjulega fyrir neðan
leikskólann Hlaðhamra

Leiðsögumaður Jóhanna B. Magnúsdóttir

Fyrsti viðkomustaður er Borgarnes.

Síðan er haldið sem leið liggur í Stykkishólm þar sem við snæðum hádegisverð, súpu og brauð.

Þegar allir eru mettir lítum við í kringum okkur á staðnum áður en við leggjum af stað til Bjarnarhafnar. Innifalið í aðgangseyri á Hákarlasetrið er hákarla- og harðfisksmakk og fræðsla um hákarlaveiðar og verkun. Þar er einnig hægt að kaupa harðfisk og að sjálfsögðu hákarl. Ekki má gleyma að skoða gömlu kirkjuna. Gerum ráð fyrir að stoppa þar í u.þ.b. eina klst.

Við öikum í gegnum Grundarfjörð og til Ólafsvíkur. Þar er komið að kaffistoppi á veitingarhúsinu Skeri.

Leiðin liggur fyrir Jökul og að Dritvík, þar verður gengið niður í fjöruna. Á leiðinni að Arnarstapa virðum við fyrir okkur Þúfubjörg, Lóndranga, Malarrif o.fl.

Stutt stopp verður á Hellnum og síðan ekið að Arnarstapa þar sem snæddur verður kvöldverður.

Síðan verður ekið heimleiðis með stoppi í Borgarnesi.

Verð fyrir manninn er kr. 15.000 með mat og kaffi auk Hákarlaseturs.

Það þarf að vera búíð að greiða ferðina fyrir **10. ágúst nk.** inn á reikning **nr. 0537-14-002298 kt. 4201130560.**

Þeir, sem hafa áhuga á þessari ferð, geta skráð sig á þátttökublað hjá félagsstarfi aldraðra á Eirhömrum eða í síma 5868014. Jafnframt hjá Margréti í síma 8633359.